

1873.

27. maí.

félag mun greiða sína 100 rd. hvor, og veitum vör yður hær með myndugleika til að taka þessa 200 rd. úr jarðabókarsjóði Íslands.

27. maí.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um húsakaup á klausturjörðu.

Í bréfi til dómsmálastjórnarinnar hefir amtmaðurinn í norður- og austurumdæmi Íslands skýrt svo frá, að hin nauðsynlegustu húsakynni á jörðunni Lækjardal, sem heyrir undir Múnkapverárklosturs góz, sem sè baðstofan eldhúsið, búið, dyrin og göngin, sè eigi eign umboðsins, heldur leiguliða þess, sem síðast sat á jörðunni, og hefir amtmaður stungið uppá, að umboðssjóðurinn eptir boði leiguliðans, sem frá fer, kaupi tæð húsakynni fyrir 100 rd., en þá skuli jarðarafgjaldið eptirleiðis hækkað frá 25 til 50 álna á ári, og hefir leiguliðinn, sem tekur við jörðunni, gengið að því.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að ef sannað verður með löglegri skoðunargjörð, að fyrnefnd húsakynni sè að minnsta kosti 100 rd. virði, má verja þessari upphæð af umboðssjóðnum til þess að kaupa þau, en þá skal afgangið af jörðunni hækkað, svo það eptirleiðis sè 50 álnir.

27. maí.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um málafærslulaun við yfirrættinn.

Í þremur opinberum málum, sem dæmd eru við hinn konunglega íslenska landsyfirrætt, útaf afbrotum gegn tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, 26. maí 1863, hefir tæður rættur, sem dæmdi ómerka dóma undirrættarins og vísaði þeim